Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2019
R17100122
3500
bþ

Íþrótta- og tómstundasvið

Bæjarhálsi 1
110 REYKJAVÍK

***Íþróttastarf í Safamýri***

Á fundi borgarráðs þann 27. júní 2019 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 25. júní 2019, samþykkt

> Lagt er til að borgarráð samþykki að íþrótta- og tómstundasviði (ÍTR) verði falið, í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), að ganga til samninga við Knattspyrnufélagið Fram í Safamýri eftir flutning Fram á nýtt félagssvæði þess í Úlfarsárdal. Gert er ráð fyrir að núverandi íþróttamannvirki Fram í Safamýri, íþróttahús og gervigrasvöllur, verði eign Reykjavíkurborgar og verði falin Knattspyrnufélaginu Víkingi til reksturs með sérstökum þjónustusamingi þegar Fram hefur flutt starfssemi sína í Úlfarsárdal. Núverandi grasæfingasvæði í Safamýri verða tekin til annarar þróunar. Nauðsynlegt er að Knattspyrnufélagið Fram, Knattspyrnufélagið Víkingur, fulltrúar íbúa, ÍBR og íþrótta- og tómstundasvið hefji þegar þessa breytingu á íþróttastarfi í Safamýri. Menningar- íþrótta- og tómstundarráði skal falið að sinna stefnumótun og eftirliti með verkefninu af hálfu borgarinnar.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarráð ásamt áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

> Það var einróma álit stýrihóps um íþróttastefnu að ganga skuli til samninga við Knattspyrnufélagið Víking um að þjónusta Safamýri til framtíðar. Litið var til samgangna, hverfisskiptinga og sterkrar framtíðarsýnar félagsins fyrir Safamýrarsvæðið. Jafnframt er tryggt jafnvægi milli hverfisfélaga. Tillagan skapar einnig svigrúm til annarrar uppbyggingar á svæðinu.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Hjálagt:
Tillaga borgarstjóra